



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 131/376

komudagur 2.12.2004

Alþingi

Nefndarsvið
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 1. desember 2004

Tilvísun: 2004110047

Frumvörp til laga um Háskóla Íslands, 348.mál, Kennaraháskóla Íslands, 349. mál og Háskólann á Akureyri, 350 mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvörp til laga um Háskóla Íslands, 348.mál, Kennaraháskóla Íslands, 349. mál og Háskólann á Akureyri, 350 mál.

Alþýðusamband Íslands telur að með þessum frumvörpum sé stigið enn eitt skrefið í átt til þess að tekin verði upp skólagjöld við ríkisháskóla hér á landi. ASÍ lýsir sig alfarið ósammála þessari þróun og varar við afleiðingum hennar.

Alþýðusamband Íslands leggur til að frumvörpin verði dregin til baka í núverandi mynd, en að öðrum kosti að þau verði feld.

Virðingarfyllst,

Halldór Grönvold,
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ

Alþingi
Erindi nr. P 131/377
komudagur 2.12.2004

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 1. desember 2004

Varðandi: mál 348, 349 og 350 um hækkun skrásetningargjalda í ríkisrekna háskóla.

Álit Bandalags íslenskra námsmanna (BÍSN)


Við teljum ekki rétt að auka tekjur háskólanna með því að hækka skrásetningargjöld. Ráðlagt væri að hækka ríkisframlög til rekstur skólanna frekar en að hækka skrásetningargjöldin.

Hækkun skrásetningargjalda í ríkisreknum háskólum úr 32.500 í 45.000 er hækkun um 38,5% sem er langt umfram verðlagsþróun frá því að gjaldið var síðast skilgreint árið 2001.

Í ljósi þess að hvorki er gert ráð fyrir skrásetningargjöldum í framfærslugrunni LÍN né sé lánað sérstaklega fyrir gjöldunum mun hækkun skrásetningargjalda einungis auka kostnað námsmanna sem nú þegar hafa lítil fjárráð á meðan námi stendur. Framfærslugrunninum er ætlað er að vera viðmið við þann kostnað sem námsmenn í landinu þurfa til að framfleyta sér yfir skólaárið, því er óafsakanlegt að skrásetningargjaldið sé ekki hluti af framfærslugrunninum.

Félagið telur að þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar hækkunar skrásetningargjaldanna séu ekki réttlætanlegar og vísar í því sambandi í álit stúdentaráða KHÍ, HA og HÍ.

F.h. BÍSN



Halldór Ólafur Halldórsson

Formaður BÍSN

Alþingi
Erindi nr. P 131/301
komudagur 30.11.2004



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2004

**Efni: Umsögn BSRB um frumvörp til laga um Háskóla Íslands, 348. mál,
Kennaraháskóla Íslands, 349. mál, og Háskólann á Akureyri, 350. mál.**

BSRB mælir alfarið gegn þeirri hækkun sem lagt er til að verði á skrásetningargjöldum í þessum frumvörpum.

f.h. BSRB
Svanhildur Halldórsdóttir
Svanhildur Halldórsdóttir

Akureyri 1. desember 2004

Menntamálanefnd Alþingis

Greinargerð vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um Háskólann á Akureyri, nr. 40/1999, með síðari breytingum.

Pingskjal 396/2004.

FSHA, Félag stúdenta við Háskólann á Akureyri mótmælir harðlega hækkunum á skráningargjöldum og gerir eftirtaldir athugasemdir við frumvarpið.

1. Að fyrstu FSHA benda á að í sundurliðuninni sem frumvarpinu fylgir (fylgiskjal 1) eru margir liðir sem ekki falla undir skilgreiningu á skráningargjöldum.

Skilgreining á skráningargjöldum er svohljóðandi: „Margvísleg þjónusta sem stúdentum er veitt á námstímanum utan formlegra kennslustunda, s.s. skráning þeirra í námskeið og próf, varðveisla upplýsinga um námsferil þeirra, upplýsingar um námsferil sem sendar eru stúdentum, auglýsinga og miðlun upplýsinga vegna skráningar, skipulag kennslu og prófa, kennsluskrá, stúdentaskírteini, þjónustu stúdentaskrár, deildarskrifstofu, alþjóðaskrifstofu, námsráðgjafar og bókasafns, og afnot af tölvum og prenturum háskólans.“

Eftirtaldir liðir í sundurliðuninni falla ekki undir ofangreinda skilgreiningu á skráningargjöldum: vefumsjón (150.000 kr.), velgengnisvika (150.000 kr.), yfirstjórn og húsnæði (5.695.971 kr.), framlög til FÉSTA og FSHA (16.042.000 kr.) og vottorð (600.000 kr.). Hér er ekki verið að taka afstöðu til þessara liða sem slíkra, einungis verið að benda á að þeir eiga ekki heima í undir skilgreiningunni um skráningargjöld.

2. FSHA bendir einnig á að margir liðir sundurliðunarinnar eru óháðir því hvort nemendur skrái sig til náms eður ei og því spyr félagið hvort skráningargjöld sem nemendur greiða eigi að renna í þætti sem eru óháðir skráningu þeirra. Þessir liðir eru námskynningar (600.000), auglýsingar (1.375.000), vefumsjón (150.000), velgengisvika (500.000), aðgangur að tölvukerfi (14.791.429), alþjóðasvið (1.900.000), yfirstjórn og húsnæði (5.695.971) og hlutdeild FÉSTA/nemenda (16.042.000). Verður fjallað um þessa þætti nánar hér að neðan.

- Námskynningar eru þær kynningar sem sem háskólinn veitir í framhaldsskólum landssins og er kostnaðurinn við kynningarnar sjálfar algerlega óháður því hvort nemendur skrái sig eða ekki.
- Auglýsingar eru kynningar á Háskólanum og námsframboði hans sem birtar eru í miðlum. Auglýsingarnar sjálfar eru óháðar því hvort nemendur skrái sig til náms eða ekki. Vafasamt er að álita auglýsingar og námskynningar vera á nokkurn hátt þjónusta við nemendur.
- Vefumsjón er sú vinna á ári hverju sem felst í því að viðhalda skráningarformum og eyðublöðum og telur félagið 150.000 kr. full háa upphæð fyrir starfið þar sem eyðublöð breytast lítið milli ára og eru auk þess til staðar hvort sem nemendur skrái sig til náms eða ekki.
- Velgengisvika er kynningarvika þar sem nýnemar fá leiðsögn um skólann og þjónusta Háskólans kynnt. Þó svo að þessi liður flokkist undir ýmsa þjónustu telur félagið hann heyra meira til kynninga og auglýsinga og ekki vera kostnaður sem ætti að leggjast á nemendur. Velgengisvika fer fram óháð því hvort nemendur skrái sig eða ekki.
- Aðgangur að tölvukerfi er rekstur tölvukerfisins og hefur ekki með skráningu nemenda að gera.
- Alþjóðasvið annast samskipti við erlenda stúdenta og veitir ráðgjöf við nemendur sem hyggja á nám erlendir og hefur ekki með skráningu nemenda í háskólanám að gera.
- Yfirstjórn og húsnæði telur FSHA ekki vera í verkahring nemenda að greiða fyrir.
- FÉSTA er félagsstofnun stúdenta sem sér um stúdentagarðana og nemendafélagið sér um félagslíf og hagamunagæslu stúdenta. Þetta tvennt er algerlega óháð skráningu nemenda til náms.

Í framhaldi af þessu vill FSHA benda á að á meðan gjöldin eru skilgreind sem skráningargjöld/innritunargjöld eiga þessir þættir ekki við.

3. Auk þessa setur FSHA spurningarmerki við upphæðir framlaga til eftirfarandi sviða:

- Kennslusvið, samkvæmt frumvarpinu er heildarkostnaður til kennslusviðs 12.750.000, þetta eru 8.226 kr. á nemanda ár hvert. Félagið telur þessa upphæð frekar háa þar sem einungis 30% af starfi sviðsins snýst um skráningu og þjónustu við nemendur.

- Hlutdeild FÉSTA/nemenda, FÉSTA er félagsstofnun stúdenta sem sér um stúdentagarðana og nemendafélagið (FSHA) sér um félagslíf og hagmunagæslu stúdenta. Heildarkostnaður til þessara liða er samkvæmt frumvarpinu 16.042.000, sem eru 10.350 kr. á nemanda ár hvert. FSHA telur þetta óeðlilega háa upphæð og eiga ekki heima í skráningagjöldum.

4. Vert er að benda á að Háskólinn á Akureyri er eini skólinn sem reiknar með 3% verðlagshækkun. Rennir það enn frekari stoðum undir þá skoðun FSHA að fyrirhuguð hækkun sé hugsuð sem almenn tekjuöflun.

5. Þegar frumvörpin þrjú sem menntamálaráðherra leggur fram um hækkun innritunargjalda í háskólana eru skoðuð kemur ögn athyglisverð niðurstaða. Svo virðist vera sem skólarnir hafi fengið ákveðna upphæð til að fylla upp í fyrirframákveðna fjárhæð, 45.000 krónur. Skólarnir leggja upp með gerólíkar forsendur en komast að sömu niðurstöðu.

Samanburður á fylgiskjöllum frumvarpanna þriggja kemur einnig upp um þá holtapöku sem virðist ríkja um innritunargjöld. Alls ekki er á hreinu hvað eigi að teljast til innritunargjalda og hvað ekki þó notast sé við að flestu leyti sömu skilgreiningu.

Að lokum vill félagið minna hækkunir skráningagjalda sem áttu sér stað árið 2001, þegar gjöldin voru hækkuð úr 25.000 í 32.500, um tæp 40%.

FSHA leggur því til að þetta frumvarp verði fellt.

F.h. FSHA, félags stúdenta við Háskólann á Akureyri.

Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Varaformaður

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/333
komudagur 1.12.2004



IÐNNEMASAMBAND ÍSLANDS
LANDSSAMBAND IÐN- OG STARFSNÁMSNEMA
STOFNAÐ 1944

Reykjavík 30. nóvember 2004

Varðandi: mál 348, 349, 350 um hækkun skráningargjalda í
ríkisrekna háskóla.

Álit Iðnnemasambands Íslands

INSÍ er á móti öllum frumvörpunum.

Við teljum ekki rétt að auka tekjur háskólanna með þessum hætti. Ráðlagt væri að hækka ríkisframlög til rekstur skólanna frekar en að hækka skráningargjöldin.

Hækkun skráningargjalda mun einungis auka kostnað nemenda sem nú þegar hafa lítil fjárráð á meðan námi stendur. Þegar litið er til þess að framfærsla Lín er ekki hærri en raun ber vitni er illa réttlætanlegt að nemendur þessa lands eigi að bera kostnað af auknum fjárskorti háskólanna

Að öðru leyti vísum í álit stúdentaráða þessara umræddu skóla.

Hulda Katrín Stefánsdóttir

Formaður

Alþingi
Erindi nr. P / 31 / 38.3
komudagur 2.12.2004

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hvanneyri 1. desember 2004.


Vísað er í bréf yðar dagsett þann 24. nóvember síðastliðinn þar sem óskað er eftir umsögn Skólafélags Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri um frumvarp til laga um Háskóla Íslands, 348. mál, Kennaraháskóla Íslands, 349. mál og Háskólann á Akureyri, 350. mál.

Skólafélag LBH mótmælir fyrirhugaðri hækkun skrásetningargjalda í þessa þrjá ríkisháskóla. Við teljum að þessi hækkun muni skila sér í hækkun skrásetningargjalda í öðrum ríkisháskólum og það sé verið smá saman að koma á skólagjöldum. Nú er námsmönnum í þessum þremur ríkisháskólum send rúkkun upp á 140 milljónir um leið og framlög til rekstrarútgjalda háskólanna eiga að lækka um 1%. Við skiljum það svo að það sé verið að velta auknum kostnaði yfir á námsmenn og teljum það vera þróun í vitlausa átt. Nær væri að fella niður svokölluð skrásetningargjöld sem eru í raun ekkert nema skólagjöld. Til samanburðar viljum við benda á að þau tíðkast yfirleitt ekki á hinum norðurlöndunum og þar sem þau tíðkast eru þau að hámarki um 5000 ísl. Kr.

Ein af þeim rökum sem sett hafa verið fram fyrir þessari hækkun eru þau að hún auki metnað og aðhald nemenda í sínu námi. Við teljum hinsvegar að auknar peningalegar álögur á nemendur skapi þeim einungis auknar fjárhagsáhyggjur og séu þar af leiðandi ekki til þess fallnar að bæta námsárangur íslenskra háskólanemenda.

Samkvæmt fylgiskjölum frumvarpanna lítur út fyrir að verið sé að týna til ýmsa kostnaðarliði til þess að fylla upp í þessar 45.000 kr. Við teljum með þessari skólagjaldavæðingu ríkisstjórnarflokkanna sé verið að vega að jafnrétti allra til náms.

Fyrir hönd Skólafélags Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri


Jón Örvar Jónsson
Formaður Skólafélags LBH

Alþingi
Erindi nr. P 131/2ⁿⁿ
komudagur 30.11/131/300



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Menntamálanefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 30. nóvember 2004

Efni: Frumvörp til laga um breytingu á lögum um Háskóla Íslands, nr. 41/1999, með síðari breytingum, 348. mál, um breytingu á lögum um Kennaraháskóla Íslands, nr. 137/1997, með síðari breytingum, 349. mál og um breytingu á lögum um Háskólann á Akureyri, nr. 40/1999, með síðari breytingum, 350. mál.

Frumvörpin mæla fyrir um hækkun skrásetningargjalda í ríkisháskólum úr 32.500 kr. í 45.000 kr. Er það í samræmi við óskir ríkisháskólanna og við það miðað að fjárhæð skrásetningargjaldanna renni óskipt til þeirra. Ekki er gert ráð fyrir því í forsendum fjárlagafrumvarpsins að innheimta gjaldanna komi til frádráttar fjárveitingum til ríkisháskólanna á fjárlögum. Er skráningargjaldinu ætlað að mæta kostnaði af margvíslegri þjónustu sem stúdentum er veitt á námstímanum.

Eðlilegt hlýtur að teljast að háskólanemar taki einhvern þátt í þeim kostnaði sem af háskólanámi þeirra hlýst, námi sem mun í mörgum tilfellum skapa þeim auknar tekjur til framtíðar. Samtökin styðja því þessa hækkun, þótt réttara væri að stíga skrefinu lengra og skilgreina svigrúm til innheimtu skólagjalda við ríkisháskólana.

Eins og SA hafa ítrekað bent á er háskólanám ekki lengur bundið við fáeinar deildir embættismannanáms. Mikil aukning á aðsókn í háskólanám er þjóðfélagslega mjög jákvæð þróun sem m.a. má rekja til þess aukna fjölbreytileika og valfrelsis sem nýir háskólar hafa haft í för með sér. Hlutfall háskólamenntaðra á íslenskum vinnumarkaði hefur lengi verið með lægra móti í samanburði við nágrannalönd, en horfur eru á breytingum til betri vegar í þeim efnum og var ekki vanþörf á. Við þessar aðstæður er hins vegar hugmyndin um gjaldfrelsi í háskólanámi i raun sprungin, því að möguleikarnir á að bjóða upp á nýja valkosti eru óþrjótandi og eftirspurnin endalaus. Innheimta skólagjalda gefur kost á meiri sjálfstýringu í uppbyggingu skólakerfisins og tryggir þannig tengsl hennar við þá eftirspurn sem til staðar er. Gríðarleg aðsókn hefur verið að þeim háskólum hérlendis sem innheimta skólagjöld – sem eru lánshæf hjá LÍN - og hefur sú samkeppni haft mjög jákvæð áhrif á starfsemi t.d. Háskóla Íslands. Þá hefur OECD bent á að lítil kostnaðarþátttaka nemenda virðist vera helsta ástæða fremur langs námstíma íslenskra háskólanema.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason

Forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is



Samtök banka og verðbréfafyrirtækja
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland

Alþingi
Erindi nr. P 131/476
komudagur 6. 12. 2004

3. desember 2004

Alþingi,
menntamálanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvörp til laga til hækkunar á skólagjöldum ríkisháskóla (348., 349. og 350. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 24. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreind mál.

SBV eiga aðild að Samtökum atvinnulífsins, gegnum Samtök fjármálafyrirtækja, og taka undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn SA um málin.

Virðingarfyllst,

Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri



Reykjavík 2. desember 2004

Menntamálanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands um frumvarp til laga um Háskóla Íslands, 348. mál. Stúdentaráð mun ekki fjalla sérstaklega um frumvörp um Kennaraháskóla Íslands, 349. mál og Háskólann á Akureyri 350. mál.

Meðfylgjandi er greinargerð vegna fyrirhugaðrar hækkunar skrásetningargjalds við Háskóla Íslands, sem Stúdentaráð Háskóla Íslands sendi frá sér þann 22. nóvember sl. til allra alþingismanna. Þar er fjallað um þær forsendur sem búa að baki útreikningum sem lagðir eru til grundvallar.

Helstu atriðin sem Stúdentaráð Háskóla Íslands bendir á í greinargerðinni fyrir eru:

1) SKRÁSETNINGARGJALD NOTAÐ SEM ALMENN TEKJUÖFLUN:

Skrásetningargjald er þjónustugjald sem innheimta má af stúdentum vegna þess kostnaðar sem til fellur vegna skrásetningar. Hækkunin sem menntamálaráðherra leggur til er hins vegar ekki rökstudd með vísan til þess að kostnaður vegna skrásetningar hafi aukist eða að bæta eigi þjónustu við nemendur, enda má leiða líkur að því að rafræn skráning nemenda hafi dregið verulega úr kostnaði við skrásetningu. Þá leggur menntamálaráðherra til að gjaldið verði hækkað í sömu upphæð í þremur ólíkum skólum á háskólastigi sem bendir til þess að nota eigi skrásetningargjaldið sem almenna tekjuöflun.

2) RÖKSTUÐNINGI FYRIR HÆKKUN SKRÁSETNINGARGJALDSINS BREYTT:

Í upphafi sendu háskólayfirvöld frá sér yfirlit til menntamálaráðuneytisins yfir þá kostnaðarliði sem þeir töldu að réttlættu hækkun gjaldsins. Því yfirliti var hins vegar gjörbreytt og aðrir kostnaðarliðir lagðir til grundvallar þegar frumvarpið var lagt fram á Alþingi. Þrátt fyrir þetta kveður frumvarpið á um sömu hækkun og þegar upphaflegir kostnaðarliðir voru lagðir til grundvallar. Menntamálaráðherra sagði í umræðum um

fjárlög á Alþingi í októberbyrjun að um væri að ræða raunkostnað Háskóla Íslands vegna skráningar og að gaumgæfilega hefði verið farið yfir málið.

3. ÓFULLNÆGJANDI ÚTREIKNINGUR SKRÁSETNINGARGJALDSINS:

Í því kostnaðaryfirliti sem er lagt fram með frumvarpinu virðist víða slumpað á kostnað og bætt er við 12% álagi vegna „Aðstöðu og stjórnunar“ á alla kostnaðarliði sem taldir eru upp. Stúdentaráð gerir alvarlegar athugasemdir við 1., 4., 5., 6., 8., 9. og 10. lið kostnaðaryfirlitsins. Þar er t.a.m. talað um kostnað við próftökur (4) og aðgang að bókasafni og lesaðstöðu(8). Stúdentaráð bendir á að eðlilegra væri að kosntaður sem til fellur vegna prófa og prófgæslu sé greiddur með sömu framlögum og greitt er fyrir vegna kennslu. Þá telur Stúdentaráð að með því að velta kostnaði sem til fellur vegna opnunartíma Þjóðarbókhöðunnar um kvöld og helgar yfir á stúdenta, að þá sé Háskólinn kominn með tvöfalda upphæð í hendur, því nú þegar greiðir ríkið 14 milljónir sem renna beint til skólans vegna fyrrgreinds opnunartíma.

Að lokum vill Stúdentaráð benda á missamræmi í frumvarpinu varðandi það hvort allt skráningargjaldið eða einungis hækkun þess renni til Háskóla Íslands. Í frumvarpinu stendur: „*I forsendum frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2005 eru kynnt áform um að hækka skrásetningargjöld í ríkisháskólum úr 32.500 kr. í 45.000 kr. Er það í samræmi við óskir ríkisháskólanna og við það miðað að fjárhæð skrásetningargjaldanna renni óskipt til þeirra*“. Þetta er ekki í samræmi við það sem ítrekað hefur komið fram í máli alþingismanna, en þar hefur komið fram að einungis hækkunin, 12.500 kr., muni renna til skólanna. Í fylgiskjali II frá fjármálaráðuneytinu er greint frá því að: „*Útgjaldaheimild skólans í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005 byggist á þeirri forsendu að skólinn nýti sér heimildina og affli 100 m.kr. meiri tekna sem renni óskertar til hans.*“ Í fylgiskjali II er því gert ráð fyrir því einungis hækkunin muni renna til Háskóla Íslands. Stúdentaráð Háskóla Íslands vill benda á þetta missamræmi og varpa þeirri spurningu til menntamálanefndar Alþingis hvort allt gjaldið, eða einungis hluti þess muni renna til Háskóla Íslands.

Greinargerð SHÍ vegna fyrirhugaðrar hækkunar skrásetningargjalds við Háskóla Íslands

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp um breytingar á lögum um Háskóla Íslands. Kveður frumvarpið á um að skrásetningargjöld við skólann skuli hækkuð úr 32.500 í 45.000 krónur. Í þessari greinargerð Stúdentaráðs Háskóla Íslands verður fjallað um þær forsendur sem búa að baki útreikningunum sem lagðir eru til grundvallar og hvort þessi hækkun á skrásetningagjaldinu geti staðist.

1. Skrásetningargjald notað sem almenn tekjuöflun

Í greinargerð menntamálaráðherra með frumvarpinu kemur fram að ekki sé ástæða til að gera greinarmun á því hvort um skatt eða þjónustugjald sé að ræða. Þjónustugjald hefur verið skilgreint sem greiðsla, venjulega peningagreiðsla, sem tilteknir hópar einstaklinga og lögaðila verða að greiða hinu opinbera eða öðrum, sem hefur heimild til að taka við henni, fyrir sérgreint endurgjald sem er látið í té og er greiðslunni ætlað að standa að hluta eða öllu leyti undir kostnaði við endurgjaldið.¹ Skrásetningargjald uppfyllir öll skilyrði þessarar skilgreiningar. Auk þess má benda á að í fylgiskjali með frumvarpinu eru taldir upp þeir kostnaðarliðir sem liggja að baki hækkuninni, líkt og skylt er að gera varðandi þjónustugjöld. Að okkar mati hlýtur skrásetningargjald að lúta reglum um þjónustugjöld, enda væri afar gagnrýnisvert ef stjórnvöld ákvæðu með þessum hætti að innheimta jaðarskatt af námsmönnum.

Þegar um þjónustugjald er að ræða, er óheimilt að byggja upphæð gjaldsins á sjónarmiðum um almenna tekjuöflun. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður sem almennt hlýst af því að veita umrædda þjónustu og ákvörðun um upphæð þjónustugjalda verður að byggjast á traustum útreikningi á þeim kostnaði hlýst af því að veita þjónustuna.²

Tilgangur þessa frumvarps virðist hins vegar vera að afla Háskóla Íslands almennra tekna með því að auka gjaldtöku á nemendum. Athygli vekur að skrásetningargjaldið

¹ Sjá hefti um Þjónustugjöld eftir Pál Hreinsson.

² Þetta var staðfest í máli umboðsmanns nr. 836/1993.

hækkar um sömu upphæð, á sama tíma í öllum þremur ríkisháskólunum, þ.e Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Þrátt fyrir að reglur um þjónustugjöld kveði á um að gjaldið skuli vera í samræmi við þá þjónustu sem er veitt, er sama hækkun á gjaldinu lögð til í öllum skólunum.

Í athugasemdum með frumvarpinu er því ekki haldið fram að ástæða hækkunarinnar sé sú að þjónusta skólanna hafi aukist, eða að skrásetning nemenda sé orðin kostnaðarsamari nú en áður. Hækkun skrásetningargjaldsins virðist þannig óháð því hvort þeir kostnaðarliðir sem gjaldið á að mæta hafi breyst.

Hækkunin nemur um 38,5% sem er langt umfram verðlagsþróun frá því að gjaldið var síðast hækkað, árið 2001. Þá má benda á að skráning nemenda er mun hagkvæmari og ódýrari í dag en áður, þar sem hún fer að mestu leyti fram með rafrænum hætti og álag á starfsfólk er minna. Nemendur virðast hins vegar ekki njóta ávinningsins af því hagræði.

2. Rökstuðningi fyrir hækkun skrásetningargjaldsins breytt

Í upphafi sendu háskólayfirvöld frá sér yfirlit til menntamálaráðuneytisins yfir þá kostnaðarliði sem þeir töldu að réttlættu hækkun gjaldsins. Því yfirliti var hins vegar gjörbreytt og aðrir kostnaðarliðir lagðir til grundvallar þegar frumvarpið var lagt fram á Alþingi. Þrátt fyrir þetta kveður frumvarpið á um sömu hækkun og þegar upphaflegir kostnaðarliðir voru lagðir til grundvallar.

Í upphaflegri samantekt Háskóla Íslands voru tilgreind ýmis atriði sem talin voru rökstyðja hækkun skrásetningargjaldsins. Þannig átti rekstur íþróttahúss skólans meðal annars að rökstyðja 2.500 kr. hækkun skrásetningargjalds á hvern nemanda, en erfitt er að sjá hvernig rekstur íþróttahúss tengist skrásetningu nemenda. Í röksemdum háskólayfirvalda var útgáfa nemendaskírteina einnig felld undir undir skrásetningargjaldið en slík skírteini hafa ekki verið gefin út við Háskóla Íslands undanfarin ár. Þrátt fyrir það er útgáfa stúdentaskírteina talin kosta 600 kr. á hvern nemanda við skólann samkvæmt samantekt háskólayfirvalda.

Í umræðum um fjárlög á Alþingi í októberbyrjun komst fyrirhuguð hækkun skrásetningargjaldsins til tals. Einar Már Sigurðsson, þingmaður Samfylkingarinnar, spurði m.a hvernig talan 45 þúsund krónur væri fundin. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir,

menntamálaráðherra, svaraði því þá m.a til að gaumgæfilega hefði verið farið yfir málið og að um væri að ræða raunkostnað Háskóla Íslands vegna skráningar. Í þeim tölum voru hins vegar, eins og áður segir, meðal annars kostnaður háskólans vegna íþróttahús sem ekki tengist skráningu nemenda og nemendaskírteina sem ekki hafa verið gefin út. Auk þess kveður frumvarpið nú á um sömu hækkun og þegar ofangreindir kostnaðarliðir voru lagðir til grundvallar, þrátt fyrir að þeim forsendum hafi verið gjörbreytt það er því vandséð hvernig um raunkostnað Háskóla Íslands vegna skrásetningar getur verið að ræða.

Þá má benda á misræmi í upphaflegum rökstuðningi háskólayfirvalda og því kostnaðaryfirliti sem nú liggur fyrir. Á því yfirliti segir að rekstrarkostnaður Alþjóðaskrifstofu árið 2003 hafi numið 29 milljónum en á upphaflegu yfirliti háskólayfirvalda er sá kostnaður sagður vera 20 milljónir. Í báðum tilvikum er sagt að um rauntölur ársins 2003 sé að ræða.

3. Ófullnægjandi útreikningur skrásetningargjaldsins

Eins og áður hefur verið getið, er mikilvægt að kostnaðarliðir þjónustugjalds séu skýrt afmarkaðir í lögum eða greinargerð. Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands eru tilgreindir þeir kostnaðarliðir sem fella má undir skrásetningargjaldið þegar metið er hversu hátt það má vera. Í greinargerðinni kemur fram að gjaldið sé bókfært hjá yfirstjórn háskólans í samræmi við fjárlög og standi undir hluta kostnaðar við háskólastarfið. Þá segir í greinargerðinni að meðal þess kostnaðar megi nefna margvislega þjónustu sem stúdentum er veitt á námstímanum utan formlegra kennslustunda, svo sem skráningu þeirra í námskeið og próf, varðveislu upplýsinga um námsferil stúdenta, upplýsingar um námsferil sem sendar eru stúdentum þrisvar á hverju háskólaári, auglýsingu og miðlun upplýsinga vegna skráningar, skipulag kennslu og prófa, kennsluskra, stúdentaskírteini og aðgang að þjónustu nemendaskrár, skrifstofu kennslusviðs, deildaskrifstofum, alþjóðaskrifstofu, upplýsingastofu um nám erlendis, námsráðgjöf, bókasafni og tölvum og prenturum háskólans.

Það skýtur skökku við að í því kostnaðaryfirliti sem er lagt fram með margumræddu frumvarpi er víða slumpað á kostnað og bætt er við 12% álagi vegna „Aðstöðu og stjórnunar“ á alla kostnaðarliði sem taldir eru upp. Hér verða taldir til þeir

kostnaðarliðir í hækkunartillögu menntamálaráðherra sem eru illa eða óljóst afmarkaðir og í litlum tengslum við skráningu nemenda:

- **Skráning stúdenta í námskeið og próf (liður 1):**

Undir þennan lið eru felldur kostnaður vegna reksturs Nemendaskrár og „önnur gjöld, 20% af rekstri deildarskrifstofa“. Kostnaðurinn er í raun tvítekinn enda fer skráning nemenda að mestu leyti fram með rafrænum hætti í dag. Nemendur fá hins vegar ekki að njóta þess hagræðis með lækkun skrásetningargjalda vegna þessa, heldur er lagt til að gjaldið verði hækkað. Ekki er rökstutt frekar hvers vegna 20% af kostnaði deildarskrifstofa fer í skráningu stúdenta í námskeið og próf, heldur er því slegið fram án frekari útlistunar.

- **Skipulag kennslu og prófa (liður 4):**

Próf eru í tengslum við kennslu í skólanum en ekki skráningu nemenda. Eðlilegra væri að kostnaður sem til fellur vegna prófa og prófgæslu sé greiddur með sömu framlögum og greitt er fyrir vegna kennslu.

- **Framlög til samtaka og stofnana stúdenta (liður 5):**

Framlög til Stúdentaráðs eru felld undir skrásetningargjaldið samkvæmt rökstuðningi með greinargerð menntamálaráðherra. Það teljum við ekki réttlætanlegt.

Til útskýringar er nauðsynlegt að rifja upp forsögu framlags skólans til Stúdentaráðs. Fram til ársins 1999 samþykkti Háskólaráð árlega að tiltekið hlutfall af innritunargjöldum skyldi renna til Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Má hér til skýringar benda á fundargerð háskólaráðsfundar frá 26. mars 1992 þar sem samþykkt er að hlutur Háskólans af skrásetningargjöldunum verði kr. 18.000.-, hlutur Stúdentaráðs kr. 2.175.- og hlutur Félagsstofnunar stúdenta kr. 2.600.-. Árið 1997 var fyrst gerður samningur við Stúdentaráð um þjónustu við stúdenta Háskóla Íslands, eins og fram kemur í fundargerð Háskólaráðs frá 3. september 1997, en eftir sem áður rann tiltekið hlutfall skrásetningargjaldsins til Stúdentaráðs. Má hér benda á fundargerð Háskólaráðs frá 12. mars 1998 þar sem háskólaráð heimilar

rektor að ráðstafa allt að 10% skrásetningargjaldsins til sérstakra verkefna samkvæmt samningi milli Háskólans og Stúdentaráðs.

Í áðurnefndri greinargerð með frumvarpi til laga nr. 41/1999 er tekin skýr afstaða til þessarar framkvæmdar. Þar kemur fram að *ekki* sé lagt til að lögbundin sé greiðsluskylda stúdenta til eins félags umfram annað, þannig að hluti af skrásetningargjaldinu skuli renna til Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Í 18. gr. nógildandi laga um Háskóla Íslands kemur hins vegar fram að háskólaráð hafi heimild til að semja við félög stúdenta, Stúdentaráð eða aðra um tiltekna þjónustu gegn greiðslu. Háskóli Íslands hefur nýtt sér þessa heimild undanfarin ár og gert samninga við Stúdentaráð, annars vegar um þjónustu við nemendafélög og erlenda stúdenta við Háskóla Íslands og hins vegar um rekstur skrifstofu Stúdentaráðs.

Samkvæmt skýrum ummælum í greinargerð er skrásetningargjaldinu hins vegar ekki ætlað að standa undir kostnaði við þjónustu sem Stúdentaráð Háskóla veitir. Þar af leiðandi er háskólayfirvöldum ekki heimilt að nota kostnað vegna þjónustu Stúdentaráðs við stúdenta sem rökstuðning fyrir hækkun skrásetningargjaldsins, enda stendur sú þjónusta í engum tengslum við skráningu nemenda í skólann. Ennfremur má benda á að í 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár Íslands er ákvæði um neikvætt félagafrelsi. Ákvæðið felur í sér að engan má skylda til þátttöku í félagi og Háskólanum er því óheimilt að taka félagsgjald af öllum stúdentum fyrir hönd Stúdentaráðs. Slíkt félagsgjald er enda ekki innheimt í framkvæmd heldur hefur verið farin sú leið að gera þjónustusamning við ráðið ár hvert.

- **Skrifstofa kennsluviðs (liður 6):**

Hér er sömu aðferð beitt og lagt til að stúdentar greiði 30% af rekstrarkostnaði skrifstofu kennsluviðs, án þess að getið sé nánar með hvaða hætti þessi tiltekni hluti af starfsemi kennsluviðs fari í þætti sem tengjast skrásetningu stúdenta við skólann. Hér skal aftur minnt á það hagræði sem hlýst af því í dag að skráning stúdenta og miðlun upplýsinga fer að mestu leyti fram með rafrænum hætti. Einnig má benda á að í upprunalegum útreikningum Háskóla Íslands, var þetta hlutfall

20%. Þetta gengur gegn eðli þjónustugjalda þar sem þau á að innheimta fyrir ákveðna, afmarkaða þjónustu.

- **Aðgangur að bókasafni og lesaðstöðu (liður 8):**

Aðgangur að lesaðstöðu á Þjóðarbókhöðunni og „aðgangur að gögnum“ er einn þeirra liða sem talinn er rökstyðja hækkun skrásetningargjaldsins. Í röksemdunum er hins vegar ekki útskýrt frekar hvað felst í „aðgangi að gögnum“. Varðandi aðgang stúdenta að Þjóðarbókhöðunni má benda á að fram til ársins 2003 fékk Háskóli Íslands samkvæmt rammamningi um 14 milljónir króna sem runnu til kvöldopnunar Þjóðarbókhöðunnar. Þessu fyrirkomulagi var hins vegar breytt í fyrra og upphæðin rann beint til skólans, í stað þess að hún væri sérstaklega ætluð kvöldopnun safnsins. Fyrr á árinu ákváðu skólayfirvöld að loka Þjóðarbókhöðunni á kvöldin og nota þessa peninga í aðra hluti. Þessari ráðstöfun var harðlega mótmælt af stúdentum og ákváðu háskólayfirvöld nýverið að opna safnið aftur á kvöldin. Nú virðist hins vegar eiga að velta þessum kostnaði við kvöldopnun Þjóðarbókhöðunnar yfir á nemendur.

- **Aðgangur að tölvum, prenturum ofl. (liður 9):**

Hér er lagt til að stúdentar greiði fyrir 50% af almennum rekstri Reiknistofnunar Háskóla Íslands. Enn er slumpað á ákveðna prósentutölu án frekari útskýringar og nemendur látnir greiða fyrir helming af því sem kostar að reka heila stofnun innan skólans. Ef litið er á lið 2 á fylgiskjalinu með frumvarpinu má sjá að þar er kostnaður vegna nemendakerfis felldur undir skrásetningargjaldið. Nemendakerfið er rafrænt og rekstur þess og viðhald heyrir því undir Reiknistofnun Háskóla Íslands. Þessi kostnaðarliður virðist því vera tvítekin.

Þá má benda á að afar gagnrýnisvert er að fella kostnað vegna prentara undir skrásetningargjald enda greiða nemendur í skólanum svokallaðan prentkvóta þegar þeir nota prentarana og duga tekjur skólans af þeirri innheimtu til að reka prentarana.

- **Aðstaða og stjórnun (liður 10):**

Álag vegna aðstöðu og stjórnunar er 12% ofan á alla kostnaðarliði sem fyrir eru. Það er hins vegar óljóst en hvað nákvæmlega fellur undir þetta álag og hvers vegna það er tekið af öllum kostnaðarliðunum. Áður hefur verið minnst á að skrásetningargjöld stúdenta eigi að greiða 50% af rekstri Reiknistofnunar Háskólans. Í þeirri tölu hlýtur að vera tekið tillit til „aðstöðu og stjórnunar“ en þrátt fyrir það er þetta gjald lagt ofan á alla kostnaðarliði. Álagið tekur einnig meðal annars til prófgæslumanna, framlaga til FS og Stúdentaráðs, kennslusviðs og þess 20% hlutfalls sem reiknað er af rekstri deildarskrifstofa. Hér er því lagt til að nemendur greiði ótilgreint 12% álag vegna aðstöðu og stjórnunar ofan á ótilgreint 20% rekstrarhlutfall vegna reksturs skrifstofa. Þetta uppfyllir tæpast kröfur um skýra afmörkun kostnaðarliða.

4. Lokaorð

Sú hækkun sem lögð er til hér byggir því ekki á að skráning nemenda í skólann sé orðin dýrari eða fjárfrekari en áður. Hún byggir á talnaleikfimi og tilfærslu kostnaðarliða. Þeir útreikningar sem Háskóli Íslands og menntamálaráðuneytið leggja til grundvallar í þessu máli og þau vinnubrögð sem beitt hefur verið ganga á skjön við eðli þjónustugjalda. Þjónustugjöld eiga að vera í samræmi við þann kostnað sem hlýst af því að veita þá þjónustu sem greinargerðin kveður á um hverju sinni, en þau eiga ekki að hækka að vilja yfirvalda hverju sinni. Ennfremur má benda á að gjöldin eru ekki lánshæf og hér er því verið að rýra kjör þeirra með beinum hætti.

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 1. desember 2004.

Umsögn vegna frumvarpa til laga vegna hækkunar á skrásetningargjöldum í Háskóla Íslands, 348. mál, Kennaraháskóla Íslands, 349. mál og Háskólanum á Akureyri, 350. mál.

Stúdentaráð Kennaraháskóla Íslands mótmælir harðlega þeirri hækkun á skrásetningargjöldum sem gert er ráð fyrir í fyrirbyggjandi frumvörpum. Á sama tíma og auknar álögur eru settar á nemendur, er gerð krafa um 1% hagræðingu í rekstri ríkisháskólanna, í stað þess að gera eingöngu kröfu um hagræðingu í rekstri og hækka ekki skrásetningargjöldin. Með þessari aðferð er augljóslega verið að velta kostnaðinum frá ríkinu yfir á stúdenta.

Með aukinni tækni hefur kostnaður við skráningu stúdenta lækkað umtalsvert. Þær tölur liggja þó ekki fyrir. Þegar leitað var eftir tölum við kostnað skráningu stúdenta í Kennaraháskóla Íslands kom í ljós að þær eru ekki til. Ekki hefur verið haldið sérstaklega utan um þann kostnað sem hlýst af skráningu stúdenta hingað til.


Almennt viðhorf stjórnenda háskóla í landinu, er að um skólagjöld sé að ræða, hvaða nafni sem þau eru nefnd (sbr Málþing BÍSN í KHÍ þann 17. nóvember). Það er ljóst að það vantar aukið fjármagn í þessar stofnanir og er það lausn yfirvalda að þau komi frá þeim er námið stunda.

Frá árinu 2000 hafa skrásetningargjöld við íslenska ríkisháskóla nær tvöfaldast ef frumvarp þetta nær fram að ganga.

Áætlanir um hækkun skrásetningargjalda grafa undan megingildum norrænnar menningar um gjaldfrjálsa almenningsmenntun og þar með velferðarkerfinu öllu. Stúdentaráð Kennaraháskóla Íslands hvetur menntamálanefnd til að hugleiða niðurrifsáhrif slíkrar hækkunar til langframa.

Hjálagt er fylgiskjal sem skýrir afstöðu okkar enn frekar.

f.h. Stúdentaráðs Kennaraháskóla Íslands



Sigrður Grétar Ólafsson

Formaður SKHÍ

Þegar Stúdentaráð Kennaraháskóla Íslands fór þess á leit við stjórnendur skólans að fá rökstuðning fyrir áformaðri hækkun ásamt og sundurliðun á skrásetningargjöldum fyrri ára kom í ljós að þær tölur eru ekki til. Það vekur því furðu okkar hvaða forsendur eru fyrir þeim tölum sem í frumvarpinu eru birtar. Starfsmenn Kennaraháskólans tjáðu okkur að þeim hafi verið gert að setja saman sundurliðun á skrásetningargjöldum þannig að útkoman væri nærri 45.000,- kr. Það er því ljóst að ósk um hækkun kom ekki frá skólanum þó svo að því sé látið liggja. Rétt er að auka það fjármagn sem skólarnir hafa til umráða, en það er framlag ætti að koma frá hinu opinbera en ekki stúdentum.

Kennaraháskóli Íslands er best rekni ríkisháskóli landsins. Má það glöggst sjá í greinargerð Ríkisendurskoðunnar og rekstrarafgangi skólans undanfarin ár. Sú upphæð er nærri þeirri upphæð sem áætlað er að komi frá stúdentum næstu árin með áformaðri hækkun. Þannig er hækkunin ekki á nokkurn hátt réttlætunleg, þar sem skólinn hefur haft til ráðstöfunnar svipaða upphæð og áætluð hækkun skrásetningargjalda.

Þegar borinn er saman kostnaður við skráningu nemenda í ríkisháskólum þremur kemur margt athyglisvert í ljós. Teknir voru saman sambærilegir kostnaðarliðir í skólunum og þeir bornir saman. Allar tölur eru teknar beint úr þeim frumvörpum sem nú liggja fyrir. Unnið var með áætlaðan kostnað á hvern nemanda og hlutfallið miðað við viðkomandi háskóla.

Nemendaskrá, nemendakerfi, tölvuþjónusta og annað tilheyrandi

Þessar eru tölur breytilegar milli skólanna. Erfitt er að bera þær saman, ekki er gegnsæið meira en það. Það virðist vera ásetningur þeirra sem frumvörpin sömdu að flækja hlutina og gera samanburð eins erfiðan og hugsast getur. Sem dæmi má nefna að nemendur tveggja háskólanna greiða sérstaklega fyrir auglýsingar frá skólanum, sem verður að teljast óeðlilegt. Einnig má nefna að kostnaður við nemendakerfin er mjög mismunandi, sérstaklega í ljósi þess að sama nemendakerfi er notað í HÍ og KHÍ, þó er kostnaðurinn nærri því þrefalt meiri í HÍ.

	Háskóli Íslands	Háskólinn á Akureyri	Kennaraháskóli Íslands
Nemendaskrá, nemendakerfi, tölvubjónusta og annað tilheyrandi			
Nemendaskrá	2806	0	9191
Kennsluvið - námsráðgjöf ofl.	0	8226	0
Upplýsingamiðlun og námsráðgjöf	3118	0	0
Annar kostnaður við nemendaskrá	0	0	1409
Námsráðgjöf og kynningar	0	0	3235
Námskynningar	0	387	0
Önnur gjöld af rekstri deildarskrifstofu 20%	7068	0	0
Auglýsingar um nám ofl	0	887	261
Vottorð	0	387	0
Kennsluskrá, bæklingar og póstur	0	0	1043
Aðgangur að tölvum og prenturum önnur gjöld reiknuð af alm. Rekst. reiknst	4294	9543	7304
	6055	0	0
Vefumsjón	0	97	0
Nemendakerfi	2786	3226	1087
	26127 54%	22753 49%	23530 52%

Bókasafn

Kostnaður bóksafns er mismunandi milli skólanna. Hann er lægstur í HÍ. Þar greiða nemendur 1.628,- kr fyrir lesaðstöðu á Þjóðarbókhlöðunni en auk þess 1.381,- kr fyrir aðgang að gögnum. Samtals gera þetta 3.009,- kr sem er meira en helmingi minni en nemendur Kennaraháskólans greiða fyrir sinn aðgang. Þessu til viðbótar er rétt að hafa það í huga að opnunartími bóksafns KHÍ er mun takmarkaðri en opnunartími Þjóðarbókhlöðunnar. Sama má segja um aðgang nemenda við KHÍ að húsnæði skólans. Flestar byggingar HÍ eru opnar til 22:00 á kvöldin en ekki er hægt að komast inn í KHÍ eftir kl.18:00 nema með sérstökum lykli sem greiða þarf sérstaklega fyrir. Það má einnig sjá á þessum tölum að hver nemendi við KHÍ borgar mun meira fyrir afnot sín af þjónustu safnsins heldur en nemendur HA þó svo að heildarfjöldi nemenda við KHÍ sé 65% meiri en við HA.

	Háskóli Íslands	Háskólinn á Akureyri	Kennaraháskóli Íslands
Bókasafn			
Kostn.pr.nem.	3009	4677	5217
	3009 6%	4677 10%	5217 12%

Alþjóðastarf

Ótrúlega mikið misræmi er í því hvað stúdentar greiða fyrir alþjóðastarf í sínum skólum.

Nemendur við HÍ greiða um þrefalt hærri upphæð heldur en nemendur við HA.

	Háskóli Íslands	Háskólinn á Akureyri	Kennaraháskóli Íslands
Alþjóðastarf			
Alþjóðastarf	3618	1226	2191
	3618 7%	1226 3%	2191 5%

Hlutur stúdenta

Mjög mikið misræmi er í því hve stór hluti fer til þjónustu við nemendur í gegnum þeirra félög og stofnanir. Við hljótum að spyrja hvort ekki sé rétt að sama hlutfall skili sér aftur til stúdenta þar sem þjónusta þessara félaga er mjög sambærileg. Öll sjá þessi félög eða stofnanir tengdar þeim stúdentum fyrir ýmiskonar þjónstu, svo sem íbúðum, lánasjóðsmálum, hagsmunagæslu og þess háttar.¹

	Háskóli Íslands	Háskólinn á Akureyri	Kennaraháskóli Íslands
Hlutur stúdentafélaga			
Stúdentaráð	1899	4500	5800
Til félagstofnunar ofl.	4384	5850	0
önnur gjöld sem eru reiknuð	1149	0	0
	7432 15%	10350 23%	5800 13%

Próf

Athygli vekur að enginn kostnaður er áætlaður vegna prófa og vinnu tilheyrandi þeim í Háskólanum á Akureyri. Hvort sá kostnaður sé falinn annars staðar undir einhverjum öðrum lið skal ósagt látið. Við Kennaraháskólann er notast við fjölbreyttar leiðir við námsmat. Ekki er einungis notast við hefðbundin próf heldur er töluvert um símat og annars konar matsaðferðir. Því er í hæsta mótí óeðliegt að kostnaður nemenda vegna þessarar þjónustu sé þetta hár. Stór hluti nemenda á lokaári grunnskólabrautar þarf aðeins að taka eitt próf á því skólaári.

Þá er það okkar skoðun að það flokkist varla undir þjónustu við nemendur að prófa.

Háskólinn þarf vissulega að meta þá stúdenta sem við hann stunda en það hlýtur að teljast hluti af kennslunni að meta stúdenta. Einnig vekur athygli að Kennaraháskólinn er einn um að reikna prófdómara og prófgögn sem hluta af sinni þjónustu.

¹ Stúdentaráð Kennaraháskóla Íslands greiðir fast gjald til Bandalags íslenskra námsmanna og Byggingarfélags námsmanna sem veita þeirra félögum samskonar þjónustu og Félagstofnanir HA og HÍ.

	Háskóli Íslands	Háskólinn á Akureyri	Kennaraháskóli Íslands
Próf			
Prófgæsla	2242	0	2609
Prófdómarar	0	0	209
Prófgögn	0	0	209
	2242 5%	0 0%	3027 7%

Kostnaður vegna húsnæðis og yfirstjórnar

Athuga má hvort rétt sé að það flokkist undir þjónustu við nemendur að þeir greiði hluta kostnaðar vegna húsnæðis og yfirstjórnar skólanna. Við teljum að sá kostnaður falli undir almennan rekstrarkostnað við skólana og eigi því ekki að vera á herðum nemenda.

Enn og aftur kemur það í ljós að kostnaður vegna reksut og yfirstjórnar er mjög mismunandi á milli skólanna, þó svo að frádreginn væri kostnaður Háskóla Íslands vegna reiknaðra gjalda af rekstrarkostnaði kennslusviðs, þá er hann mun hærri á hvern nemenda þar en í hinum skólunum tveimur. Því virðist hagræðingin ekki vera meiri eftir því sem skólarnir eru stærri.

	Háskóli Íslands	Háskólinn á Akureyri	Kennaraháskóli Íslands
Kostnaður vegna húsnæðis og yfirstjórnar			
Kostnaður vegna húsnæðis og yfirstjórnar	5196	3675	4145
reiknuð gjöld 30% af rekstri kennslusviðs	869	0	0
	6065 13%	3675 8%	4145 9%

Gögn til nemenda

Athygli vekur að aðeins Kennaraháskólinn sundurliðar kostnað við gögn til nemenda er.

Spyrja má hvort eðlilegt sé að krefjast gjalds vegna gagna til nemenda þar sem nemendum er ætlað að greiða þann kostnað námsins sjálfir það er bókakostnað, ljósrituð hefti og ýmis konar gögn sem þeir þurfa til að stunda námið. Einnig má benda á að lang flestir fyrirlestrar og verkefni eru aðgengileg á vefnum og því ætti ekki að þurfa að ljósrita gögn fyrir nemendur.

Háskólinn á Akureyri virðist vera sá eini sem sendir út gögn til nemenda.

	Háskóli Íslands	Háskólinn á Akureyri	Kennaraháskóli Íslands
Gögn til nemenda			
Ljósrituð gögn til nemenda	0	0	835
Útsend gögn til nemenda	0	645	0
	0 0%	645 1%	835 2%

Annar kostnaður

Meðal þess sem er talið til kostnaðar hjá Háskólanum á Akureyri er 3% verðlagshækkun. Það að þetta skuli tilgreint sérstaklega er eitt af fjölmörgum dæmum um að greinilegt er að skólunum var ætlað að nálgast upphæð ráðuneytisins eftir öllum mögulegum leiðum. Einugis stúdentar við Kennaraháskólann greiða sérstaklega fyrir mat á umsóknum sínum og þá væntanlega kostnað vegna þeirra sem komast ekki í nám við skólann.

	Háskóli Íslands	Háskólinn á Akureyri	Kennaraháskóli Íslands
Annar kostnaður			
Velgengisvika	0	323	0
Skirteini og aðgangskort	0	1000	0
3% verðlagshækkun	0	1339	0
Vinna við mat á umsóknum um nám	0	0	435
	0 0%	2662 6%	435 1%

Þær tölur sem hér eru settar fram sýna það svart á hvítu að sú upphæð sem áætluð er vegna skrásetningar nemenda er hreinn og klár skáldskapur. Því er notkun orðsins skrásetningargjöld ekki aðeins villandi heldur er henni ætlað að hylma yfir þá áætlun sitjandi ríkisstjórnar að koma á skólagjöldum á í háskólunum. Sú upphæð sem nemendur greiða til skólanna fer að stórum hluta í rekstur þeirra og í þjónustu sem aðeins takmarkaður hópur innann hvers skóla notfærir sér. Því er enn og aftur á fáum árum seilst í vasa námsmanna til þess að mæta minnkandi framlagi ríkisins til ríkisháskólanna.

Elfa Hermannis.
Elfa Svanhildur Hermannsdóttir
Fulltrúi Stúdenta við Kennaraháskólann í stjórn BÍSN

Sigurður Grétar
Sigurður Grétar Ólafsson
Formaður Stúdentaráðs Kennaraháskóla Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 131/442
komudagur 3.12.2004

Menntamálanefnd Alþingis.

Álit á frumvarpi til laga um breytingu á eftirtöldum lögum; um Háskólann á Akureyri, nr. 40/1999, með síðari breytingum, Kennaraháskóla Íslands, nr 137/1997, með síðari breytingum, um Háskóla Íslands, nr. 41/1999, með síðari breytingum. Ofantalin frumvörp lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi, 2004-2005.

Álit Visku, félags stúdenta við Háskólan í Reykjavík var óskað með bréfi dagsett 22. nóvember 2004.

Athugasemdir við 1. gr.

Viska telur æskilegt og eðlilegt að þeir stúdentar sem stunda nám við háskóla í landinu taki þátt í að greiða hluta þess kostnaðar sem til fellur við að veita þjónustuna. Þeir stúdentar sem stunda nám við íslenska háskóla gera það af fúsum og frjálsum vilja. Það eru fyrst og fremst viðkomandi stúdentar sem njóta arðs af námi sínu, hvort sem um er að ræða hærri laun á vinnumarkaði að útskrift lokinni eða aukinni ánægju og lífsfyllingu að loknu háskólanámi, sem viðkomandi kaus að stunda eftir eigin forsendum.

Viska fagnar því að auknum kostnaði vegna reksturs háskólanna sé ekki lagður á skattgreiðendur.

Ekki er ástæða til að gera athugasemdir við 2. gr. frumvarpanna.

Fyrir hönd Visku,

Ragnildur Ágústsdóttir

formaður Visku,
stúdentafélags Háskólans í Reykjavík
viska@viska.is
ragnildur@viska.is
gsm: 822-3301